

Siðanefnd BÍ – Úrskurður í máli nr. 2/2023-2024

Kærandi: Ívar Örn Hauksson.
Kærðu: Kristinn H. Gunnarsson, ritstjóri Bæjarins besta.
Kærufni: Frétt um veiðar í Sunndalsá 31. október 2023 og síðar.

Málsmeðferð.

Málið var kært til Siðanefndar með bréfi kæranda, dags. 23. desember 2023. Leitað var andsvara kærða en hann kaus að veita ekki andsvör. Nefndin ræddi málið á fundum sínum 9. janúar 2024, 6. febrúar 2024 og 27. febrúar 2024.

Málavextir.

Kærandi lýsir því að hann hafi farið hinn 15. október 2023 að Sunndalsá í Arnarfirði og myndað þar veiðar á vegnum manna, sem höfðu boðið honum að koma þangað og mynda en þeir voru á höttunum eftir eldislaxi sem þeir töldu að hefði sloppið úr sjókvíaelði og gæti verið að finna í ánni. Kveðst kærandi síðan hafa birt myndband af veiðunum fjórum dögum síðar á YouTube-rás sinni, Flugusmiðjunni.

Kærandi segir að þann 31. október 2023 hafi birst á vef Bæjarins besta frétt undir fyrirsögninni: „Sunndalsá; veitt í óþökk landeigenda“. Fáeinum dögum áður en fréttin birtist hafi kærði haft samband við kæranda símleiðis og spurðist fyrir um veiðarnar. Kærandi kveðst hafa greint kærða frá því að hann hefði einungis verði að mynda og að kærði yrði að beina spurningum til þeirra sem voru að veiða eins og t.d. um það hvar þeir hefðu fengið veiðileyfi. Þann 2. nóvember 2023 segir kærandi að á vef Bæjarins besta hafi birst ný frétt undir fyrirsögninni: „Sunndalsá: Fiskistofa kom ekki að veiðum í ánni“ og þann 7. nóvember hafi birst frétt undir fyrirsögninni: „Hafrannsóknarstofnun kom ekki að veiðum í ánni“. Kveðst kærandi hafa af þessu tilefni haft samband við kærða með tölvuskeyti og lýst yfir óánægju sinni með frétttaflutninginn enda hafi verið rangt farið með staðreyndir en auk þess hafi kærði gert alvarlegar athugasemdir við óheimila notkun kærða á höfundarvörðu efni sínu í formi skjáskota úr myndbandi hans og kveðst kærandi hafa gert kröfu til að þau yrðu fjarlægð tafarlaust og sérstaklega stór mynd af kæranda. Þá kveðst kærandi hafa óskað eftir að fá að veita efnisleg andsvör við fréttunum.

Kærandi kveður kærða ekki hafa fjarlægð myndir af vef Bæjarins besta og ekki gefið honum kost á því að veita andsvör í miðlinum fyrr en eftir að kærandi hafði leitað til Fjölmiðlanefndar, sem hafi með ákvörðun 3/2023 lagt fyrir kærða að veita kæranda rétt til andsvara að viðlögðum dagsektum. Kærandi kveðst síðan hafa fengið andsvör birt en kærði hafi skrifað athugasemdir við andsvarið daginn eftir og hafi þar reynt að draga úr vægi andsvaranna og kasta rýrð á kæranda en ekki leiðrétt fréttir sínar.

Kærandi kveður að þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir hans til kærða um að taka út höfundaréttarvarið myndefni kæranda við fréttirnar hafi kærði ekki orðið við því.

Kærandi lýsir því að hann telji frétttaflutning kærða af myndbandinu einkennast af „æsifréttamennsku“ þar sem reynt sé að gera mikið úr málinu eins og það sé stórmál og varði allan almenning. Kveður kærandi að í fréttunum megi ennþá finna rangfærslur sem enn hafi ekki verið leiðréttar nema í andsvörum kæranda. Kærandi kveðst byggja á því að kærði hafi vísitandi reynt, vegna fyrri samskipta aðila, að draga upp þá mynd af kæranda að hann hafi

farið fyrir hópi manna og veitt í Sunndalsá án leyfis og í óþökk landeigenda. Fréttaflutningur kærða beri með sér að kærandi sé veiðihjófur og að stór mynd sé birt af honum og hann þannig „...málaður upp sem slíkur.“

Kærandi byggir á því að fréttaflutningur kærða sé svo óvandaður, óvæginn, rangur og samhengislaus að hann hafi verið til þess falinn að valda honum tjóni og að æra hans og orðspor sé laskað vegna þess að rangt hafi verið farið með staðreyndir. Vísar kærandi að þessu leyti til þess að hann hafi einungis verið að mynda á vettvangi en ekki stundað veiðar af neinu tagi. Þá vísar kærandi sérstaklega til þess að enn séu að finna þær rangfærslur í fréttum á vef Bæjarins besta að veiðiferðin hafi verið farin eftir að veiðitímabilinu hafi verið lokið en að það sé rangt vegna þess að veiðitímabilið hafi verið framlengt til 15. nóvember.

Kærandi telur að háttsemi kærða fari gegn 1. og 2. gr. siðareglna með því að kærði hafi vísvitandi ætlað að veita kæranda ekki rétt til andsvara og að það hafi hann ekki gert fyrr en að undangenginni ákvörðun Fjölmiðlanefndar um að beita hann dagsektum. Þá telur kærandi að kærði hafi brotið gegn 3. gr. siðareglna með því að leiðrétta ekki rangfærslur í fréttum sínum þrátt fyrir ábendingar kærða þar um. Loks telur kærandi að kærði hafi brotið gegn 10. gr. siðareglna með því að hafa birt myndir í óþökk kæranda sem höfundar þeirra.

Umfjöllun.

Kærði hefur ekki veitt Siðanefnd andsvör við kærinni. Verður því frásögn kæranda lögð til grundvallar úrlausn málsins. Áður en fyrsta frétt skv. framansögðu var birt á vef Bæjarins besta hafði kærði fengið þær upplýsingar frá kæranda að hann hefði einungis verið við myndatökur við Sunndalsá 15. október 2023 en ekki við veiðar. Fréttina mátti hins vegar skilja svo að kærandi hafi verið að veiðum í ánni í óleyfi landeigenda. Kærði veitti kæranda hvorki andmælarétt né færði fram leiðréttingar þegar kærandi óskaði eftir. Með þessu hefur kærði brotið gegn 2. gr. og 3. gr. siðareglna.

Kærði birti þrjár myndir í fréttinni sem teknar voru úr myndbandi kæranda á Youtube án leyfis og án geta þess hvaðan myndirnar væru fengnar. Siðanefnd telur að það vera brot á 7. grein siðareglna BÍ.

Úrskurður.

Kærði, Kristinn H. Gunnarsson, telst hafa brotið siðareglur BÍ. Brotið er ámælisvert.


Reykjavík, 27. febrúar 2024.


Pálmi Jónasson


Asgeir Þór Arnason


Emma Björg Eyjólfsdóttir


Valgerður Anna Jóhannsdóttir


Brynhildur Ólafsdóttir